

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Reykjavík, 16. maí 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda

Nasdaq Iceland (Kauphöllin) þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við frumvarp til laga um tekjuskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda (erlendar fjárfestingar), sbr. mál nr. 921 sem sent var til umsagnar þann 10. maí 2024.

Kauphöllin fagnar því að lagt sé fram frumvarp sem miðar að því að skattskylda erlendra aðila vegna söluhagnaðar hlutabréfa í íslenskum hlutabréfum verði felld á brott. Eins og fram kemur í greinargerð er fylgir frumvarpinu þá er algengt að fallið sé frá skattlagningu erlendra aðila vegna tvísköttunarsamninga. Með því að falla alveg frá skattskyldu erlendra aðila vegna söluhagnaðar hlutabréfa í íslenskum hlutabréfum minnkar það umstang sem fylgir hlutabréfaviðskiptum erlendra aðila hér á landi sem og greiðir það leið erlendra fjárfesta inn í landið. Telja verður að innkoma og fjárfestingar erlendra aðila hér á landi styrki íslenskt efnahagslíf.

Virðingarfyllt,



Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,
yfirlögfræðingur Nasdaq á Íslandi.